

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 ltr. sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l ílát. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Eyrarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyrarsveitar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu í Eyrarsveit.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) með fasteignagjöldum ár hvert. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir og íbúðarhúsnæði: Sorphreinsunargjald kr. 5.000 og sorpeyðingargjald kr. 2.000.
- b) Fyrirtæki, stofnanir og aðrir sambærilegir lögaðilar: Sorphreinsunargjald er kr. 5.000 á fyrirtæki miðað við hvert sorpílát (sorppoka). Sorphreinsun fer fram hjá aðilum er skipast í flokka 1–3, fyrirtæki í flokki 4–7 sjá sjálf um að koma sorpinu á sorpeyðingarstað.

Flokkur

1	2.000 kr.	Fyrirtæki þar sem áætlað magn sorps er það sama og heimilissorp.
2	9.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps allt að 16 m ³ á ári.
3	15.300 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 16 m ³ – 32 m ³ á ári.
4	26.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 32 m ³ – 48 m ³ á ári.
5	44.200 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 48 m ³ – 64 m ³ á ári.
6	75.200 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 64 m ³ – 96 m ³ á ári.
7	120.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 96 m ³ eða meira á ári.

Sveitarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu mið af umfangi, starfsemi og sorpgerð svo sem kostur er. Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra lögaðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt frá gjaldskrá.

3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við flokkun sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til athugasemda.

4. gr.

Gjöld sem lögð eru á samkvæmt gjaldskrá þessari hafa lögveðsrétt í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyrarsveitar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, sbr. breytingar nr. 576/1997 og 705/1998.

1. gr.

Í stað orðanna „viðauka 5“ í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar komi: viðauka 6.

2. gr.

Í stað orðanna „VIÐAUKI 5 Tafla yfir herma sem velja skal fyrir flæðiþrófanir á plasti sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli“ kemur: VIÐAUKI 6 Tafla yfir herma sem velja skal fyrir flæðiþrófanir á plasti sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.